

Colas Ísland hf.  
Gulhelli 1  
221 Hafnarfjörður

Reykjavík, 16.6.2022  
UST202202-070/F.T.  
08.08.02

### Málslok

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 10. maí 2022 þar sem óskað var eftir úrbótaáætlun vegna frávíka sem skráð voru í eftirliti sem fram fór í bikstöð Colas ehf., Akureyri þann 5. apríl 2022.

### Frávikin voru eftirfarandi:

- 1. Gr. 2.3 í starfsleyfi og 7. gr. reglugerðar 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi.** Takmarka skal aðgengi að stöðinni. Stöðin er ekki afgirt en takmarka þarf aðgengi ökutækja inn í lekaheldu þróna. Engin takmörkun var á ökuleið inn í þróna og keðja sem þar hefur verið, var ekki til staðar. **Rekstaraðili hefur sett upp keðju sem lokar aðgangi að lekaheldri þró. Stofnuninni barst mynd af framangreindu.**
- 2. Gr. 3.5 í starfsleyfi og 15 gr. reglugerðar 884/2017.** Virkni olíuskilja skal yfirfarin a.m.k. á sex mánaða fresti og þær tæmdar eftir þörfum. Ekki lágu fyrir upplýsingar um þjónustu og/eða hreinsun olíuskilju við eftirlit. **Skv. rekstraraðila hefur olíuskilja verið yfirfarin og hreinsuð. Stofnuninni barst ljósmynd af kvittun umsjónaraðila.**

### Umhverfisstofnun fellst á úrbæturnar og telst frávikunum lokið.

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst

Guðbjörg Stella Árnadóttir  
sérfræðingur

Frigg Thorlacius  
lögfræðingur